

23. TBL. DESEMBER 2021

FRÉTTABRÉF



Fylgdu okkur



ÁRANGUR NÆST ÞEGAR FLESTIR RÓA Í SÖMU ÁTT



Hilda Jana Gísladóttir

Norðurland eystra nær frá Siglufirði í vestri til Bakkafljarðar í austri. Innan svæðisins búa um 30 þúsund manns í 13 sveitarfélögum. Byggðirnar í landshlutanum eru fjölbreyttar, Akureyri gegnir þar ákveðinni sérstöðu sem svæðisborg, þá eru á svæðinu stærri bæir, minni bæir, brothættar byggðir og dreifbýli. Okkar starf byggir á þeirri hugmyndfræði að ríkir sameiginlegir hagsmunir séu fyrir hendi í landshlutanum og að sem líðsfélagar séum við líklegri til þess að ná þeim slagkræfti sem til þarf til þess að ná árangri fyrir hönd íbúa og atvinnulífs á öllu svæðinu.

Svæðið okkar er fjölbreytt og gjöfult og finna má bæði áskoranir og tækifæri á hverju strái. Heimafólk á svæðinu hefur mótað sóknaráætlun sem er okkar sem byggir á sameiginlegri framtíðarsýn. Það er ákaflega mikilvægt að hafa skýrt leiðarljós, en það er ekki síður mikilvægt að setja fram skýr markmið og mælanlega mælikvarða til þess að skapa grundvöll markvissrar sóknar. Starfsfólk samtakanna vinnur ötulllega að því að framfylgja markmiðum sóknaráætlunar samtakanna, auk þess að skapa mikilvægan samráðsvettvang hagaðila á svæðinu. Samtal og samráð getur verið tímafrekt, en það er engu að síður ákaflega verðmætt, því það er einfaldlega mun líklegra að árangur náist þegar sem flestir róa í sömu átt.

Þegar kemur að því að róa í sömu átt, þá skiptir ekki aðeins máli að eiga í öflugu samtali og samráði innan svæðisins, heldur einnig utan þess og þá ekki síst við ríkisvaldið. Ríkisvaldið á hrós skilið fyrir hvernig það hefur nálgast það að færa heimafólki í landshlutanum aukid vald og ábyrgð á eigin framtíð í gegnum starf landshlutasamtaka og sóknaráætlunar. Þá er vel þess virði að nefna að vinna við Byggðaaætlunar var faglega unnin og gerð í öflugu samráði við hagaðila. Það skiptir nefnilega töluvert miklu máli að við og ríkisvaldið séum að róa nokkurn veginn í sömu átt. Það var því sérstaklega gleðilegt að sjá það skrifað í nýjum stjórnarsáttmála að vinna eigi að eflingu sóknaráætlana landshlutanum. Við bindum að sjálfsögðu vonir við að það þýði að ekki verði áframhald á niðurskurð fjármagns til sóknaráætlana og að fleiri ráðuneyti muni í framtíðinni komi að fjármögnun hennar.

Að lokum, sóknaráætlun Norðurlands eystra byggir á þremur grunnstöðum: atvinnuþróun og nýsköpun, menningu og umhverfismálum. Þá er samstaða um að undirliggjandi langtíamarkmiðið sé fólgið í því að auka hamingju í landshlutanum. Enda er hamingjan kannski hinn endanlegi mælikvarði þess hvort að raunverulegur árangur náist.

Með ósk um farsælt, hamingjuríkt nýtt ár


Hilda Jana Gísladóttir
Formaður stjórnar SSNE, samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra



SEINNA AUKAÞING SSNE OG STAÐA ÁHERSLUVERKEFNA 2021

Áhersluverkefni SSNE á yfirstandandi ári eru 11 talsins. Það eru verkefni sem ákveðið var að leggja sérstaka áherslu á til að efla landshlutann á þeim sviðum sem verkefni taka til. [SSNE boðaði til upplýsingarfarfundar í lok nóvember, þar sem farið var yfir framgang og stöðu áhersluverkefna 2021 með sveitastjórnarfólki á Norðurlandi eystra.](#) Fundurinn var vel sóttur og er hægt að horfa á hann [hér](#).

Þá fór seinna aukáþing SSNE fram 10. desember sl. Til stóð að halda þingið í Eyjafjarðarsveit en vegna stöðu faraldursins var það talið óumflýjanlegt að færa þingið yfir í netheima. Það er ljóst að SSNE er orðið býsna fært í því að halda fundi og þingi í netheimum. Þingið var skemmtilegt og fræðandi að venju og komu góðir gestir þar með afar áhugaverð erindi. Við hvetjum alla til að horfa á [aukaþingið hér](#).



SAMGÖNGUMÁL AUSTAN TJÖRNES

SSNE fékk styrk úr A.10 sjóði byggðaaætlunar Almenningsamgöngur um land allt fyrir árið 2019 til að skoða samnýtingu póst- og farþegaflutninga á milli Húsavíkur og Langanesbyggðar. Helstu niðurstöður eru að enn eru kerfislegar hindranir í vegi fyrir að auðveldlega megi fara í samnýtingu til að hagnýta allar ferðir á svæðinu. Í framhaldi af þeim niðurstöðum sótti SSNE um styrk fyrir árið 2022 til að greina þessar kerfislegu hindranir og bera saman við mólél í Norður Noregi þar sem flutningar eru samnýttir með góðum árangri.

[Sjá má skýrsluna hér.](#)



VIÐTAL VIÐ STYRKÞEĞA UPPBYGGINGARSJÓÐS: TÍMAHYLKIÐ

Á tímamótum verða oft miklar breytingar og því mikilvægt að varðveita og skrá upplýsingar um þau fótspor sem við skiljum eftir okkur svo framtíðarkynslóðir skilji sögu okkar. Verkefnið Tímahylkið er samfélags- og samstarfsverkefni sem nemendur og kennarar í leikskólanum Álfborg og grunnskólanum Valsárskóla, starfsmenn Svalbarðsstrandarhrepps og starfsmenn Safnasafnsins unnu að fyrir á árinu og er sannað að samtímaverkefni gert fyrir framtíðina.

„List gengur út á að gera ekki eitthvað eins og síðasti maður gerði og hér erum við að fara nokkurskonar leið barnanna með aðkomu fullorðinna, með þeirra efni og okkar aðstoð“, segir Björg Erlingsdóttir, sveitastjóri Svalbarðsstrandarhrepps. „Verðmæti verkefnis liggur í sögunni og hvernig hægt er að velja fyrir sér hvar við erum, þar sem myndlist og bókmenntir að blandast saman.“




Forseti Íslands á sýningunni Tímahylkið. Mynd fengin af vef forseta.

Nemendur og starfsmenn í Svalbarðsstrandarhrepp stóðu fyrir söfnun á minningum um þessa óvenjulegu tíma sem við lifum á tímum COVID-19. „Við byrjuðum á að gefa út tímarit sem heitir Tímahylkið, en það var starfsmaður sem lenti í sóttkví og var svöflit tekin úr sínu starfi um tíma þannig við náðum að nýta tíma hennar og byrjuðum þetta verkefni“, segir Björg. Ljóst er að mikið vatn hefur runnið til sjávar en hugmyndin hefur síðan þá safnað miklu kjöti á beinið.

Sýningin Tímahylkið í tíð kórónuveirunnar var opnuð á Safnasafninu á Svalbarðsströnd í september, þar sem valin höfðu verið verk og munir eftir afrakstur samvinnuverkefnisins. Ljósmyndir, teikningar, þrívíðir hlutir, textar og persónulegir munir voru meðal verka sem sýnd voru, en henni var ætlað að skrá samtímann og miðla upplifun barnanna af faraldrinu á daglegt líf okkar og samfélag.

Nú hafa listaverk, ljósmyndir og áhugaverðir munir ratað í kassa sem kallaður er Tímahylki sem geymdur verður fyrir framtíðina, en hylkið er innsiglað og geymt á Minjasafninu á Akureyri og verður þar í um fimmtíu ár eða til ársins 2071. Þá verður það opnað við hátíðlega athöfn af þeim sem lögðu til efni í það.



Mynd um kórónuveiruna eftir Árna Kristjánsson, 4 ára.

Hvaða máli það skiptir að fá stuðning frá Uppbyggingarsjóði fyrir verkefni eins og þetta ?

„Það er sannarlega framlag frá safnasafninu og fólkinu sem stendur að verkefninu, en það að fá styrk frá Uppbyggingarsjóði er eins og að safna kjöti á beinið ef svo má að orði komast. Þetta góð viðurkenning á verkefninu að hljóta styrk og hjálpar við koma hlutumum í framkvæmd, meða annars við að halda og setja upp alvöru sýningu. Það sem kemur frá uppbyggingarsjóði er oflan á verkefninu sem kemur svona hlutumum í framkvæmd“, segir Björg að lokum.

Hægt er að lesa blöðung Tímahylksins á [heimasíðu hreppsins](#).



STYRKIR 2022

Styrkjavertíðin er í fullum gangi og er fjölbreytt svið styrkja sem hægt er að skoða og sækja um. Ráðgjafar SSNE veita upplýsingar um styrki og styrkjarmöguleika sem standa einstaklingum, fyrirtækjum og rannsóknaraðilum til boða en við hvetjum einstaklinga og fyrirtæki til að kynna sér málin á heimasíðu SSNE þar sem má finna yfirlit yfir styrki sem veittir eru frá ráðuneytum, Rannís, samfélagssjóðum, Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra ofl. Við vekjum líka athygli á því að mörg fyrirtæki veita samfélagsstyrki og hvetjum við fólk til að kynna sér þá. Athugið að listinn er ekki tæmandi.

Hægt er að bóka viðtal við ráðgjafa á ssne@ssne.is




- [Umhverfis- og auðlindamála- rekstur og verkefni](#) / 7. janúar 2022
- [Fornminjasjóður](#) / 10. janúar 2022
- [Styrkir til fráveituframkvæmda](#) / 15. janúar 2022
- [Nýsköpunarsjóður námsmanna](#) / 7. febrúar 2022
- [Myndlistarsjóður](#) / 14. febrúar 2022
- [Eskuljóðssjóður](#) / 15. febrúar 2022
- [Tækniþróunarsjóður: Hagnýtt rannsóknarverkefni](#) / 28. febrúar 2022

FINNST ÞÉR FLÓKIÐ AÐ SÆKJA UM STYRKIR?

Hjá SSNE er hægt að nálgast upplýsingar um ýmsa styrki sem í boði eru, bæði hér á landi sem og erlendis. Þá býður SSNE upp á fría ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja vegna styrkumsóknarskrifa en nú bætum við um betur og **bjóðum upp** á fjárhagsaðstoð til að niðurgreiða kostnað við sérhæfða ráðgjöf eða námskeið í styrkumsóknarskrifum.

Markmiðið er annars vegar að fjölga umsóknum af svæðinu og hins vegar að hækka árangurshlutfall umsókna af svæðinu. Þessi aukna aðstoð við styrkumsóknarskrif er hluti af verkefninu "Nýsköpun á Norðurlandi" sem var eitt af áhersluverkefnum SSNE 2021. Einfalt og fljótlegt er að sækja um slíka aðstoð og er tekið við umsóknum allan ársins hring.

Hér er hægt að fá frekari upplýsingar.



SÖFNUNARÁTAK FYRIR NÝRRI KIRKJU Í GRÍMSEY



Mynd:
Friðbjófur Helgason

Miðgarðakirkja í Grímsey brann til grunna ásamt öllum verðmætum síðastliðð haust. Kirkjan var friðuð, langelsta hús eyjarinnar og sameiningartákn. Í kirkjunni hafa margar kynslóðir Grímseyinga átt sínar stærstu stundir bæði í gleði og sorg. Bruninn var því mikið áfall fyrir eyjaskeggja og virðist raun hafa snert við allri þjóðinni.

Undirbúningur fyrir byggingu nýrrar kirkju er vel á veg kominn og vinna við hönnun hennar stendur nú yfir. Nýja kirkjan mun hafa augljósa skirskotun til þeirrar eldri en verður aðeins stærri vegna nútíma krafna. Einnig er horft til þess að nýja kirkjan nýstist til fleiri athafna en helgihalds. Áætlað er að smíða einingar og vinna timbur að hluta til í landi en reisa kirkjuna í Grímsey sumarið 2022.

Bygging nýrrar kirkju er viðamikil samfélagslegt verkefni sem Grímseyingar leggja nú allt kapp á að verði að veruleika. Þegar hafa safnast fjármunir til byggingar hinnar nýju kirkju og eru eyjaskeggjar afar þakklátir öllum þeim sem verkefninu hafa lagt lið. Grímseyingar standa þó frammi fyrir þeirri áskorun að enn vantar töluvert fjármagn til framkvæmdarinnar.

Það er von eyjaskeggja að fyrirtæki og einstaklingar sjái sér fært að leggja lóð á vogaskálar við fjármögnun nýrrar Miðgarðakirkju, á nyrsta kirkjustað landsins.

Söfnunarreikningur Miðgarðakirkju, Rnr.: 565-04-250731, kt.: 4602692539.


Styrktaraðila verður að góðu getið á fallegum platta sem settur verður upp við kirkjuna nema að annars sé óskað.

Við hönnun og efnisval nýrrar Miðgarðakirkju er nánasta umhverfi og vistvæn hönnun höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til þess að kirkjan nýstist sem best jafnt til helgihalds sem annarra athafna.

Það sem einkennið Miðgarðakirkju öðru fremur var forkirkjan og turninn með toppmynduðu þaki en efri hluti hans var undir þrengra formi og umhverfis stallinn sem myndaðist á skilunum var handrið af renndum pílórum og á hornstöðum þess fjórum voru litlir málmkrossar. Ný kirkja með svipuðum turni gæti orðið keimlík þeirri gömlu.

Á hinni nýju Miðgarðakirkju verða veggklæðingar úr lerki/rekavið líkt og á gömlu kirkjunni.

Gólf nýju kirkjunnar yrði lagt stuðlabergsflisum og við austurgafflinn yrði altari myndað af nokkrum bergstuðlum sem risu upp úr gólfinu. Á húspakinu yrðu einnig þakskífur sem gerðar yrðu úr sneiðum af bergstuðlum. Árið 1222 kom Guðmundur Arason biskup til Grímseyjar á flóta undan Sturlungum. Á meðan hann dvaldi í eyrni vígði hann bjargið og því má ef til vill með sanni segja á gólf kirkjunnar, altari og þak verði úr vígðu bergi. Guðmundur góði vígði einnig brunn í landi Miðgarða sem nefnist Gvendarbrunnur, og að auki vígði hann lindina Brynhildi.



Hugmyndin að gera gólf kirkjunnar úr stuðlabergi og leiðast við að tengja húsið náttúru eyjarinnar og sögu. Neðan við Miðgarða og víðar á vesturströnd eyjarinnar eru fallegir stuðlabergsklettur og þar má sjá lárétta stuðlastalla, sem minna helst á „kirkjugólfið“ við Kirkjubæjarklaustur.

Velkomin til Grímseyjar



Teikningar af nýrri kirkju

Teikningar: Hjörleifur Stefánsson arkitekt

BETRI BAKKAFJÖRÐUR: FJÖLDI UMSÓKNA Í FRUMKVÆÐISSJÓÐ

Í Frumkvæðissjóð Brothættra byggða í byggðaðróunarverkefninu Betri Bakkafjörður bárust 17 umsóknir. Er þetta mesti fjöldi umsókna síðan verkefnið hófst. Umsóknirnar eru fjölbreyttar og hafa það allar að markmiði að styrkja innviði Bakkafjarðar, skapa atvinnu og stuðla að sterkari stöðu byggðarlagsins í samræmi við stefnumótun fyrir verkefnið sem samþykkt var á íbúafundi haustið 2019.

Heildarkostnaður við verkefnið er alls um 74.2 m.kr. Sótt var um styrki að upphæð alls 42.9 m.kr. Verkefnisstjórn Betri Bakkafjarðar mun meta umsóknir og úthluta styrkjum í byrjun árs 2022.

Bakkafjörður í Langanesbyggð hóf göngu sína í verkefninu Brothætta byggðir árið 2019 og er áætlað að verkefnið vari til loka árs 2023. Veittir eru verkefnastyrkir á vegum Brothættra byggða til þróunarverkefna og annarra samfélagsfélandi verkefna á þeim svæðum sem taka þátt.

Viltu kynna þér nánar verkefnið Betri Bakkafjörður?
[Hér](#) er hægt að lesa meira.



UNGSKÁLD 2021



Úrslit í ritlistakeppni Ungskálda 2021 voru kynnt í Amtsbókasafninu á Akureyri 9. desember sl. Fyrstu verðlaun hlaut Þorsteinn Jakob Klemenzson fyrir „Vá hvað ég hata þriðjudaga!“ Í öðru sæti var Halldór Birgir Eydal með „Ég vil ekki kaupa ný jakkaföt“ og Þorbjörg Þóroddsdóttir hreppti þriðja sætið fyrir verk sitt „Mandarínur“. Alls bárust 52 verk frá 29 þátttakendum í keppnina að þessu sinni. Að Ungskáldum standa Amtsbókasafnið á Akureyri, Akureyrarstofa, Ungmennahúsið í Rósenborg, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn á Akureyri. Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra og Akureyrarbæ. Þorsteinn gaf SSNE leyfi til að birta þetta skemmtilega verk eftir hann. Njótið vel!

Vá hvað ég hata þriðjudaga!

Blóm

Stundum líður mér eins og blómi og þegar ég segi blóm þá meina ég lítið viðkvæmt blóm sem hatar sig en það er bara á þriðjudögum

Ég sef þegar ég er dauður

Ég sef þegar ég er dauður ég segi þetta í einhverjum hálfkæringi sem einhverja aumingjalega afsökun og auðvelda undankomuleið frá svefni en í rauninni er þetta ámtæg bæn um hvíld og lokafrið, um endalok

Stjörnuljós

Og ég flýg upp ég flýg svo hátt og svo lengi ég snerti stjörnur og þær umvefja mig þeytast í kringum mig ég er konungur á meðal stjarna ég er einn á meðal stjarna

Stjörnur og kastalar

Háleit markmið og lágleit endalok teygði mig í stjörnur en greip í sandkorn dreymdi kastala en vaknaði í torfkofa sandkorn og torfkofar það eru mínar stjörnur og kastalar

Yfirgefning

Og þá yfirgef ég líkamann hvarf inn í andlegt fangelsi festist í köldum hlekkjum samtímans breytti rútinu í vítahring og sást aldrei framár



Þorsteinn Jakob Klemenzson

Ótti

Vissuð þið að algengasti ótti í hinum vestræna heimi er að flytja ræður fyrir framan annað fólk næst algengast er dauði, það þýðir að þegar þú ert í jarðarför vilt þú líklegast frekar vera ofan í kistunni í staðinn fyrir að flytja ræðu í athöfninni

Einmanaleiki

Ég æfi mig oft í að vera einn staðreyndin er sú að því lengur sem ég lífi því líklegri er að ég eyði síðustu árunum aleinn og einmana fastur á endalausum þriðjudegi þess vegna finnst mér gott að hafa smá æfingu

Ranka við

Ég ranka við mér svalahandriðið teygir sig í átt að mér ég get ekki sloppið ég þeytist fram af svölunum en í stað þess að skella á jörðinni þá hangi ég í lausu lofti aleinn og eirðarlaus því svalahandriðið var ekki að kasta mér fram af brúninni það var að bjarga mér frá ótímabærum endalokum og einmitt þegar ég hvíli mig í kyrrðinni og fæ loksins að slaka á þá ranka ég við mér við sírenur og blá ljós

SIGURVEGARAR HUGMYNDAÞORPS Á UNGMENNAPINGI SSNE

Ungmennapíngi SSNE fór fram í Mývatnssveit dagana 25. - 26. nóvember síðastliðinn. Þar komu saman um 30 ungmenni úr sveitarfélögum landshlutans og tókust á við áskoranir Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, sem var jafnframt þema þingsins. Tíu hugmyndir að smáforritum urðu til í Ungmennapíngunni. Smáforritin voru metin á fjölda viðbragða og endurgjafa sem þau fengu í Ungmennapíngunni ásamt mati álitsgjafa á möguleikum á framkvæmdinni. Við matið var horft til möguleika á styrkjum útrá efnistöku smáforritisins, tengslum við þema þingsins og útfærslumöguleikum.



Hildur Helga Logadóttir

Afsláttarapp með hollum uppskriftum - vinningsapp hugmyndaþorpsins Hugmyndin að smáforriti sem valið var vinningshafi Ungmennapíngsins 2021 var hugmyndin **Afsláttarapp með hollum uppskriftum**. Smáforritinu er ætlað að aðstoða fólk sem er í matarinnkaupum að nálgast uppskriftir með þeim matvörum sem eru að renna út og eru jafnvel á afsætti þess vegna. Þannig aðstoðar appið við að minnka matarsóun með því að gefa almenningi hugmyndir að notkun matvæla sem eru komin nálægt síðasta söludag.



Alma Íseld Ingvarsdóttir

Álitsgjafar voru sammála um að ofangreint smáforrit gæti orðið niðursamlegt og að það tengdist vel inn í þema þingsins hvað varðaði ábyrga neyslu ásamt því að sjá möguleika í opinberum styrkjasjóðum sem myndu leggja slíku verkefni lið.

Ungmennin sem áttu ofangreinda hugmynd eru Henry Jari Hlynsson frá Langanesbyggð og Alma Íseld og Hildur Helga frá Hörgársveit. Næstu skref eru að funda með þeim til að útfæra hugmyndina og aðstoða við að sækja um í viðeigandi sjóð árið 2022.



Henry Jari Hlynsson



EINRYRKJAKAFFI SSNE Í FJALLABYGGÐ



Mynd tv eru þau Rakel, Kolbeinn, Arnar Þór, Anna Lóa, Inger og Fanney

Einyrkjar, frumkvöðlar og fólk í fjarvinnu í Fjallabyggð kíktu við á skrifstofu SSNE í Fjallabyggð í desembermánuðinum. Þar fór fram virkilega skemmtilegt tveggja klukkustunda spjall um meðal annars landsbyggðarlífið í Fjallabyggð og spjallað um kosti þess og áskoranir við að vera sjálfstætt starfandi. Verkefnastjóri SSNE á Tröllaskaga átti frumkvæðið að þessum skemmtilega og þarfa hitting fyrir fólk sem starfar eins síns liðs dags daglega en allir voru sammála um að hittast aftur í lok janúar. Við hvetjum alla þá sem eru sjálfstætt starfandi í Fjallabyggð að hafa samband við Önnu Lind ef áhugi er að koma í næsta einryrkjakaffi - annalind@ssne.is.

SAMTALIÐ

Desember ágrip frá framkvæmdastjóra



Við erum ítrekað að reka okkur á mikilvægi stefnumótunar fyrir landshlutann. Hverjar eru áherslur í þessum landshluta þegar kemur að stóru málunum? Það er gríðarlega mikilvægt fyrir landshlutasamtök að hafa skýra stefnu til að byggja á þegar við rækjum það hlutverk okkar að gæta hagsmuna heildarinnar í landshlutanum, m.a. gagnvart ríkisvaldinu. Nýlegt dæmi um þessa stöðu er umsögn um fjárlagafrumvarpið. Mjög skammur tími var gefinn til að veita umsögn þar sem stóru málin skipta öllu máli. Vel má halda því fram að sá tími sem veittur var til umsagnar hafi verið ósættanlegur. En þegar svo ber við gefst ekki tími til að safna saman sjónarmiðum allra og enn síður er mögulegt að samræma sjónarmið, en það er að sjálfsögðu nauðsynlegt til að við getum sett fram athugasemdir, umsagnir og svör og verið viss um að baki þeim sé sameiginlegur vilji. Ef við erum óviss, óskýr eða ósammála í samtali okkar við ríkið og aðra er hætt við því að slagkraftur okkar verði máttleysilegur. Ég sé það sem eitt af forgangsverkefnum næsta árs að vinna stefnumótun fyrir landshlutann í helstu málaflokkum eins og samgöngustefnu, innviðastefnu, endurskoða stefnu um meðhöndlun úrgangs, umhverfisstefnu og þannig mætti lengi telja.

Brátt gengur jólahátíð í garð og árið á enda runnið. Á áramótum er manni orðið það tamt að líta aðeins til baka yfir árið og gera það upp. Fjarfundir eru okkar aðal samskiptaleið en við fögnum því að hafa getað heimsótt aðila og einstaklinga á svæðinu þegar rofað hefur til í faraldrinum og við höfum líka tekið á móti fjölda gesta sem heimsóttu okkur til að fræðast um starfsemi SSNE, tækifæri og áskoranir í landshlutanum og skiptast á upplýsingum og skoðunum. Atvinnuþróun og nýsköpun hefur blómstrað sem og skapandi greinar í verkefnum sem SSNE kemur að svo ekki sé minnst á umhverfismálin sem sannarlega hafa tekið rými á árinu. Ég gæti tiltekið mikinn fjölda verkefna sem SSNE hefur komið að á árinu og vert er að nefna en hér er ekki rými fyrir það og erlitt er að gera upp á milli. Ég læt síkt yfirlit því bíða ársskýrslu SSNE sem koma mun út fyrir ársþing okkar í apríl. En mig langar samt að nefna opnun starfsstöðvar í Ólafsfirði sem var stórt og mikið skref til að ná góðri tengingu við allt svæðið.

Í upphafi þessa árs var að myndast ákveðinn stöðugleiki hjá SSNE í kjölfar sameiningar. En árið hefur verið nokkuð sviptivindasamt því miklar breytingar hafa verið í starfsmannahópnum. Fimm starfsmenn létu af störfum á árinu en þau eru: Vigdís Rún Jónsdóttir, verkefnastjóri menningarmála, en hún tók við starfi verkefnastjóra sýninga hjá Listasafni Íslands, Ólafur Aki Ragnarsson, verkefnastjóri „Betri Bakkaþjórður“ lét af störfum vegna aldurs, Baldvín Valdemarsson sviðsstjóri tók við starfi forstöðumanns RHA og Helga María Pétursdóttir, verkefnastjóri fjármála og reksturs fór til Háskólans á Akureyri í starf verkefnastjóra gagnagreiningar og fjárhags. Silja Jóhannesar Ástudóttir, verkefnastjóri umhverfismála lætur af störfum um áramót. Ég vil endurtaka þakkir til þessa ágæta fólks fyrir ánægjulegt samstarf og mjög gott starf í þágu SSNE á starfstíma þeirra og óska þeim velfarnaðar í því sem þau taka sér fyrir hendur.

Sex nýjir starfsmenn hófu störf á árinu og einn starfsmaður byrjar í upphafi nýs árs:

Anna Lind Björnsdóttir, verkefnastjóri atvinnuþróunar og nýsköpunar í Ólafsfirði, Anna Björg Bjarnadóttir, verkefnastjóri „Glæðum Grímsey“ en ákveðið var í sumar að tryggja framhald þess verkefnis til ársloka 2022, Gunnar Már Gunnarsson, verkefnastjóri „Betri Bakkaþjórður“, Hildur Halldórsdóttir, verkefnastjóri menningarmála, Rögnvaldur Guðmundsson, verkefnastjóri fjármála og reksturs og Kólfína María Nielsdóttir, kynningar- og markaðsmál. Smári Jónas Lúðvíksson, verkefnastjóri umhverfismála hefur störf 3. janúar á næsta ári. Gerður Sigtryggisdóttir starfaði hjá SSNE í nokkra mánuði við skjalamál.

Það er svo sannarlega tilfelli til þess að hrósa starfsfólki SSNE fyrir frábært starf á árinu. Það er ánægjulegt að sjá samheldnina og samstarfið sem okkur hefur tekist að skapa, hér hlaupta allir undir bagga þegar þarf og ekki er spurt um tíma dags, lengd vinnudags eða hvað stendur í starfslýsingu, hér eru málin bara leyst. Það eru forrétindi að vera hluti af svo öfluggu og samstilltu teymi. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka öllum samstarfsaðilum fyrir frábært samstarf á árinu, góð og málefnaleg samskipti og ég hlakka mikið til framhalds þess á næsta ári.

Með ósk um gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Eyþór Björnsson

Viðverutímar starfsmanna

Akureyri - Elva, Rebekka, Rögnvaldur og Kólfína eru við mánudaga til fimmtudaga 9:00-15:00 og á föstudögum til 14:00. Eyþór er á Akureyri 2 daga í viku að jafnaði. Meginreglan er að hann sé þar mánudaga og þriðjudaga en það er þó breytilegt eftir dagskrá hverrar viku. Verkefnastjórar Glæðum Grímsey (Anna) og Betri Bakkaþjórðar (Gunnar) hafa einnig starfsaðstöðu á Akureyri.

Bakkaþjórður - Gunnar Már er við mánudaga til miðvikudaga milli 9:00 - 15:00.

Grímsey - Anna Björg er með breytilega viðveru úti í Grímsey en er að jafnaði við á skrifstofu okkar á Akureyri mánudaga til föstudaga 9:00-12:00.

Húsavík - Ari Páll og Hildur eru við mánudaga til fimmtudaga 9:00-15:00 og fös 9:00-14:00. Eyþór er á Húsavík tvo daga í viku að jafnaði. Meginreglan er að hann sé þar miðvikudaga og fimmtudaga en það er þó breytilegt eftir dagskrá hverrar viku.

Dalvík - Anna Lind er við á þriðjudögum 9:00-15:00.

Ólafsfjórður - Anna Lind er við á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum 9:00-15:00 og á föstudögum 9:00-14:00. Eyþór er þar að jafnaði síðasta mánudag í hverjum mánuði.

Raufarhöfn - Nanna Steina er við mánudaga til fimmtudaga 9:00-15:30.



Vinsamlegast nýtið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi því þó svo viðvera sé tiltölulega föst þá er betra að tryggja að starfsfólks sé til staðar. [Allar tenglaupplýsingar má finna hér.](#)